

20.7.2014

WWW.SPORISANDI.IS

KVIKMYND. **NOWHERE BOY** 2009



Höfundur Konráð Rúnar Friðfinnsson á góðum degi 19 júlí 2014.

Kvikmynd er þeim eiginleikum gædd að sé hún vel gerð fær hún haft áhrif á áhorfendur og fengið þá til að hugsa ýmislegt.

Kvikmyndin Nowhere boy fjallar um æsku- og unglingsár John Lennon sem á þessum tíma fáir vissu um en tíminn rækilega kynnti heimsbyggð allri gegnum starf hans í The Beatles. Lífið er einkennilegt og stefnir mönnum hvert sem það sjálft vill.

Samantekt tengd áhugaverðri kvikmynd | Höfundur: Konráð Rúnar Friðfinnsson



Aaron Johnson í hlutverki John Lennon. Hér er búið að stofna The Quarrymen.

Áður en lengra er haldið skal skírt tekið fram að ekki er um fræðilega úttekt að ræða heldur áhrif þau sem kvikmyndin Nowhere boy persónulega hafði á höfund. Einnig er gaman að velta fyrir sér umhverfi myndarinnar og mannsins sem heimurinn veitti eftirtekt ásamt hinum meðlimum The Beatles eftir útgáfu fyrstu breiðskífu þeirra "Plase Plase Me" árið 1963. Þarna er John hinsvegar óþekktur og á sama stað og flest okkar. Sem sagt bara andlit í mannhafinu og einvörðungu þekkt í nærsamfélaginu.

Fátt í umhverfi strákanna bendir til neins nema að þeirra bíði ósköp venjulegt líf sem jafnist á við líf hins venjulega íbúa Liverpool á þessum tíma og að þeir finni sér starf við hæfi sem þeir sinna eftir að aldri er náð og fullorðinsárin kominn og sinna ævina á enda, líkt og hlutskipti margra er hvort sem er í Liverpool borg eða öðrum borgum heimsins. Kvikmyndin Nowhere boy, sem sé, fjallar um um ósköp venjulegt líf ungra manna og kvenna í Ensku borginni Liverpool um miðbik seinustu aldar. Svona alltént blasti efniviðurinn við mér.



The Quarrymen stofnuð. John setur menn í embætti að þeim forspurðum.



Þessir heiðursmenn tilheyrðu báðir The Quarrymen og voru með er John skipaði strákanna í stöðurnar. Ólíklegt er að þeir hálfri öld síðar hafi átt von á því að sitja framan við myndavélar að fjalla um þessa hljómsveit sem starfaði stutt og í sjálfu sér afrekaði fátt en tilheyrir samt einu stærsta nafni tónlistarsögunnar í dag John Lennon. Einkennilegt er hvernig atvikin haga sér. Lífið er eitt stórt spurningarmerki og fer með menn hvert sem það sjálft vill. Merkilegt.

Umhverfið, (Liverpool þess tíma, sjötti áratugur seinustu aldar) samanstendur af líklega sæmilega stæðu Ensku millistéttarfólki sem vaknaði að morgni hvers vinnudags og sinnti hvort sem var skólanum eða vinnustaðnum sínum sem það annað hvort hafði unnið stutt á eða lengi og vann þá vinnu sem krafist var af starfsfólk þann daginn. Að kveldi kom þetta fólk aftur heim til sín fletti dagblaðinu sínu og sötraði sjóðheitt te yfir lestrinum. Stundum þreytt eftir erill vinnunnar, stundum ekki. Allt eftir því hve mikill atgangurinn var. Sama hringrás endurtekin.

Í raun er þetta umhverfið sem þessir ágætu piltar lifa og hrærast í áður en byrjað er að skrá merkilega Bítlasöguna og áður en heimurinn svo mikið sem vissi um hæfileika strákanna. Enda enn ekki komnir fram en byrjað í kvikmyndinni að örla örlítið á. Samt eru þeir þarna og gerandi sama og ungt fólk hvar sem er annarsstaðar gerir og í engu öðruvísi.

Ekkert í bæjarmyndinni né hegðun piltanna, til að mynda John og aðstæðum hans, segir manni eitt né neitt um framtíð þessa unga manns að hún í sjálfu sér liggi ljós fyrir né heldur hvert hún liggi og sé bara lík öðru sem margir jafnaldrar hans fáist við þó við í dag vitum að átti eftir að verða töluvert öðruvísi en hjá flestum samtíðarmanna hans sem urðu eftir heima eftir að heimsfrægðin knúið dyra hjá John og hann opnað á og hleypt inn. Allt það dæmi gerðist síðar en er á tíma myndarinnar bara fjarlægur draumur. Ef hann þá var í raun draumur. Sumt er okkur svo fjarlægt þó sumir rati þangað á settum tíma.

Ungra manna siður er að leyfa sér drauma og dagdrauma sem fæstir verða að veruleika. Gerist þó hjá einstaka manni og erum við að fjalla um einn sem upplifði svoleiðis. Í reyndar afskaplega stórum skammti og úr því að ná aðeins til nærsamfélagsins yfir í að allur heimurinn vissi og á síðari stigum allt um þennan tiltekna einstakling. Mikil breyting á örskömmum tíma og eins og hvolfdist yfir. Svona er hægt að fjalla um söguna eftir á af þeirri

ástæðu að vita hvað gerðist. Sama verður ekki sagt um venjulega Enska John, með allri virðingu, sem hvarf eins og flest okkar hinna í mannhafið. Fátt er vitað um venjulegu Ensku Liverpool- manneskjuna sem þó gengur þar um göturnar og gerir alla ævidaga sína en fáir vita um nema nánir ættingjar og örlítið fleiri. Til að mynda vinalögurinn.



Julia, móðir John (Anne-Maria Duff) John og Mimi frænka John (Kristin Scott Thomas) í hlutverkum sínum.

Lífið tekur á sig hinar furðulegustu myndir og opinberar allskonar sem engin átti von á og ekki heldur þeir og þær sem í lentu en fá ekki þrætt fyrir eftir að komið er á sjálfan staðinn horfandi þaðan á viðblasandi staðreyndir máls í hreinlega öllu sínu veldi. Sumt fá menn ekki þrætt fyrir og allra síst þegar hægt er að þreifa á og snerta sjálfa atburðarrásina eigin fingri og ráða heilmiklu um hvernig fari. Þá breytast allar aðstæður frá því að vera fjarlægur draumur yfir í blákaldan veruleika með öllu því sem honum fylgir og málið alfarið komið yfir í hendur einstaklingsins sjálfs sem eftir það hefur æpandi grúa allt í kringum sig. Sumt fólk nær góðum tókum á breyttum kringumstæðum. Aðrir eiga í erfiðleikum með þetta. Allt einstaklingsbundið.

Vitað er að fljótlega eftir að séð varð í hvað stefndi og svona meiri alvara hlaupin í spilamennskuna vildu John og félagar hans (Bítlarnir komnir til sögunnar) stefna hátt. Ferðin til Hamborgar um 1960 bendir hiklaust til þess arna. Sjálfur tel ég að Hamborgardvöl ungu Ensku manna frá Liverpool hafi í raun og veru skilaði okkur The Beatles eins og við þekkjum þá hljómsveit í dag með öllum sínum bráðlaglegu lögum ásamt þessum manna nöfnum sem heimur allur meðtók og sumpart elskar enn sem á tíma Nowhere boy voru óþekktir og í engu öðruvísi Enskum unglíngum. John Lennon, (Sir) Paul McCartney, George Harrison og Ringo Starr- Hver hefur ekki heyrt þessi nöfn áður og vita fyrir hvað standa? Svona breytast aðstæður sumra manna úr ósköp venjulegu yfir í að allra augu beinist að viðkomandi. Mikil breyting sem sterk bein þarf í.



Paul McCartney (Thomas Brodie Sangster) kominn til sögunnar. Hann og John Lennon hittast í fyrsta sinn.

Kvikmyndin *Nowhere boy* skilar ýmsum atriðum vel af sér tengdu lífi persónunnar Johns Lennons sem svo mörg augu ungs fólks beindist að í *The Beatles* og margt af því vildi líkjast og ófáir öpuðu eftir. Til að mynda greiðslunni eftir að hár hans síkkaði meira og hann hóf að skipta því í miðju. Í myndinni hins vegar kemur greinilega fram að hann glímdi við aðstæður sem margt annað fólk gerir og brást við með sama hætti og líklega flest okkar gerðum undir svipuðum kringumstæðum með tilfinningasveiflum ýmiskonar og reiðiköstum á köflum. Allt venjulegt og er allt í kringum okkur. Ekkert nýtt þar.

Erfiðri æska John, einkum á tilfinningasviðinu tengd foreldrum hans sem hann ungur missti og saknaði alla tíð og er þekkt saga úr lífi John Lennon, eru gerð prýðis skil í kvikmyndinni *Nowhere boy* og gerir vikið jafn áhugaverða og hún er og um leið að ágætis mynd og reyndar betri mynd en ella sem vel má hvetja aðra til að sjá bæði til að vita meira um æsku mannsins (sem áhuga hafa) og líka til að sjá vel leikna bío mynd með ágætu innihaldi og boðskap, um til að mynda hlutverk foreldra í uppeldi barna sinna og áhrifin sem þeir oft hafa og verður ekki þrætt fyrir að sé fyrir hendi.

Eins og áður er getið um er fátt sem bendir til þess að maðurinn (John), og mennirnir, Paul og George, (persónur þeirra koma einnig fram í *Nowhere boy*. Ringo koma síðar að *The Beatles*) verði ásamt nafni Johns að þessum risastóru nöfnum í tónlistarsögunni líkt og varð sem engin kemst hjá að sjá né heldur hafa á skoðun. Svo fyrirferðarmiklir urðu þau á síðari árum þó á tíma kvikmyndarinnar lífi þeir venjulegu lífi Ensks unglings en þó farnir að sýna áhuga því sem gerði þá að þessum risum sem en er vitnað í og enn er gerð skil. Á dögum las ég um heimildarkvikmynd sem verið sé að fara af stað með um *Bítlanna*. Við sjáum að verkinu er hvergi lokið og þeir ekki á leið á safn til að gleymast þar.

Sett hér fram til ánægju og einnig af þeirri ástæðu að kvikmynd þessi snerti við höfundu einkum kaflinn um tilfinningasveiflur John og viðbrögð sem einkum og sérílagi fjallar um venjulegan ungan mann sem öll framtíðin bíður eftir með öllum sínum óvæntu útspilum sem engin fær neitt vitað um fyrr heldur en komið er á staðinn og orðin bláköld staðreynd.

Kvikmyndin *Nowhere boy* var sýnd á Íslandi 4 október 2010 og áfram í tilefni *Imagine*-verkefnisins sem þá var í gangi og tengdist afmæli Johns Lennons sem hefði orðið sjötugur 8 október sama ár. Hvað tíminn líður.



Gítargripin æfð og áhugi á tónlist vaknaður fyrir alvöru



John Lennon (Aaron Johnson) sækir gítarinn sinn (þann rauða) aftur sem Mimi frænka hans gaf honum skömmu áður en tók og seldi er henni fannst hann taka of mikið af tíma hans.



Julia, móðir John (Anne-Maria Duff) kennir syni sínum á banjó og kannski aðilinn sem vakti honum hvað mestan tónlistaráhuga.

Gert til gamans og vonandi einnig ánægju fyrir einhvern.

KRF.